til laga um aflaskýrslur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Fiskifjelag Íslands skal safna aflaskýrslum um allan þann fisk, sem veiddur er hjer við land og ætlaður er til útflutnings, að undanskildum laxi og silungi.

Skal Fiskifjelagið hafa umboðsmenn í helstu veiðistöðvum landsins, til þess að taka við aflaskýrslum og senda þær til skrifstofu fjelagsins í Reykjavík eða erindreka þess.

2. gr.

Fiskifjelagið skal birta heildaraflann í aðalveiðistöðvum, landsfjórðungum eða landinu í heild sinni á hálfsmánaðarfresti, eða oftar, ef þurfa þykir.

Sömuleiðis skal Fiskifjelaginu skylt að svara fyrirspurnum frá einstökum mönnum eða fjelögum um fiski í landinu.

3. gr.

Allir árabátar eða smærri vjelaskip, sem leggja veiði sína á land óverkaða, skulu á viku hverri gefa skýrslu um veiði sína, sundurliðaða eftir tegundum, eftir því sem krafist verður.

Formaður og útgerðarmaður bera ábyrgð á því í sameiningu, að skýrslurnar sjeu rjettar og að þeim sje skilað á ákveðnum tíma.

4. gr.

Botnvörpungar og önnur fiskiskip, sem verka afla sinn á skipsfjöl að nokkru eða öllu leyti, skulu í hvert skifti, er þau leggja afla sinn á land, allan eða nokkurn hluta hans, tafarlaust senda skýrslu um þann hluta, sem á land er fluttur, sundurliðaða eftir því sem krafist er.

Skipstjórar á þeim skipum, sem hjer um ræðir, bera ábyrgð á, að skýrslunum sje komið til rjettra viðtakenda, ef þeir leggja aflann á land ut-

an heimilis skipsins. Annars ber útgerðarmaður skipsins ábyrgð á, að skýrslurnar sjeu sendar.

5. gr.

Hver sá, sem afla kaupir eða veitir viðtöku af útlendu skipi, skal skyldur að gefa skýrslu um það, og skal þess þá jafnframt getið, af hvaða skipi veiðin er keypt, eða af hvaða ástæðum hún er flutt á land.

6. gr.

Yfirsíldarmatsmenn skulu skyldir til að senda Fiskifjelaginu á viku hverri skýrslu um þá síld, sem söltuð er í umdæmi þeirra.

7. gr.

Síldarbræðslustöðvar skulu skyldar til að senda á viku hverri skýrslu um alla þá síld, sem þær veita viðtöku og ekki er ætluð til söltunar.

8. gr.

Vanræki einhver að gefa þær skýrslur, sem um ræðir í lögum þessum, varðar það sektum, frá 10 til 50 krónum á dag, eftir að veiðin er komin á land. Gefi nokkur vísvitandi ranga skýrslu um nokkuð af þeim atriðum, sem hjer um ræðir, eða neiti að staðfesta skýrslu sína með vottorði að viðlögðum drengskap, varðar það sektum, frá 1000 til 5000 krónum.

9. gr.

Fiskifjelag Íslands sjer fyrir eyðublöðum til skýrslusafnana, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu.

10. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á aðalfundi Fiskifjelags Íslands þann 16. f. m. var samþykt með öllum atkvæðum eftirfarandi tillaga:

»Fundurinn skorar á sjávarútvegsnefndir Alþingis, að þær fái samþykt á þessu þingi lög um aflaskýrslusöfnun, sem skuldbindi fiskiframleiðendur til að gefa upp afla sinn nákvæmlega eftir hverja ferð, eða svo oft sem krafist verður«.

Fiskifjelagið samdi síðan frumvarp það, er vjer hjer leggjum fyrir háttv. deild.

Það mun ekki orka tvímælis, að holt sje, og í mörgum atriðum mjög nauðsynlegt, að hafa ávalt sem glegst og ábyggilegast yfirlit yfir allan hag þjóðarbúskaparins. Til þess að geta haft slíkt yfirlit, er nauðsynlegt að fylgjast vel með í framleiðslu á aðalútflutningsvörum vorum, sjávarafurðunum. Skýrslur þær, er frumvarpið gerir ráð fyrir, eru nauðsynlegar til þessa. Fiskifjelagið hefir undanfarin ár safnað aflaskýrslum, en kvartað undan, að oft og einatt hafi reynst erfitt að ná skýrslunum, vegna þess að ekki hefir verið við lög að styðjast í þessu efni.

Af þessum ástæðum hefir sjávarútvegsnefnd orðið við tillögum Fiskifjelagsins um að flytja þetta frumvarp, en nefndin hefir hinsvegar ekki tekið afstöðu til einstakra greina frumvarpsins nje orðalags á þeim.